

27. apríl 2020



Kæru forráðamenn nemenda í Glerárskóla

Í maí 2020 mun skólastarf fara aftur í gang með nokkuð eðlilegum hætti. Í Glerárskóla eru þó breytingar vegna framkvæmda eins og áður hefur verið nefnt. Hér fyrir neðan birtum við grunnskipulagið vegna breytinganna en nánara skipulag senda kennarar þeim árgöngum sem fá breytt skipulag vegna endurbyggingar í D-álmum.

Það gefur augaleið að þegar framkvæmdir standa yfir og við þurfum að þjappa okkur saman líkt og nú, skiptir höfuðmáli að allir virði þær reglur sem settar eru og sýni bæði kurteisi og tillitssemi. Við óskum eftir því að þið, kæru forráðamenn, ræðið við börnin ykkar um framkomu og hegðun og mikilvægi þess að fara eftir fyrirmælum starfsmanna og þeim reglum sem gilda í skólanum svo ekki þurfi að grípa til þess að hafa samband heim.

Nokkur skipulagsatriði fyrir alla:

1. Skólastarf verður samkvæmt stundaskrá og því hefst skóli kl. 8:15 á morgnana. **Skólahúsnæðið opnar kl. 8:00.**
2. Mötuneyti opnar fyrir alla líkt og venjulega.
3. Skóladagurinn verður samkvæmt stundaskrá og frístund opnar fyrir 1. – 4. bekk frá kl. 13:15 – 16:15.

Þar sem D-álma lokast nú um mánaðamótin verður skipulagsdagurinn 4. maí (nemendafrí og frístund lokuð) nýttur til að færa starfsemi á þá staði sem hún verður til skólaloka.

**Skipulagið verður eftirfarandi frá þriðjudeginum 5. maí:**

**1. bekkur** verður í tveimur kennslustofum B1 og B3 ásamt millirými í B-álmum.

**5. bekkur** verður í Síðuskóla. Þar verður kennsla í bóklegum fögum. List-og verkgreinar ásamt sundi og íþróttum verða í Glerárskóla. Nemendur ganga/hjóla á milli samkvæmt nánara skipulagi sem sent verður heim.

**6. bekkur** verður á bókasafni og í millistofu í A-álmum. Árgangnum verður skipt í tvo hópa, einn lítinn og annan stærri. Nemendur ganga inn um aðalinngang. Nánara skipulag verður sent heim.

**7. bekkur** verður í Hamri, félagsheimili Þórs íþróttafélags. Nemendur sækja hádegismat, list-og verkgreinar auk íþróttar og sunds í skólann. Nánara skipulag verður sent heim.

**8. bekkur** hefur heimastofu í B2 og á gangi framan við bókasafn. Nemendur ganga inn um aðalinngang.

**10. bekkur FP** hefur heimastofu í A7. Nemendur ganga inn um aðalinngang.

Unglingastig fer áfram á milli stofa til faggreinakennara en í frímínútum verður aðstaða í matsal, íþróttahúsi (3x í viku) og heimastofum. Í hádegisbili er heimastofum. Að sjálfsögðu er einnig leyfilegt að viðra sig á skólalóðinni. Kennarar senda nánara skipulag heim.

Eins og fram hefur komið eru framkvæmdir miklar í kringum skólann og því hefur verið ákveðið að **nemendur í 1. – 3. bekk komi gangandi í skólann en ekki á hjólum** út skólaárið.

Ef nemendur í 4. – 10. bekk koma á hjóli í skólann verður að gera þeim ljóst að ekki verður leyfilegt að hjóla á skólalóðinni þannig að hjólin eru eingöngu til að komast í og úr skóla.

Við minnum á að forráðamenn skulu ekki koma í skólann að nauðsynjalausu út skólaárið vegna takmarkanna og tveggja metra reglunnar hjá fullorðnu fólki.

Það er verðugt verkefni sem bíður okkar allra nú í maímánuði en saman getum við unnið það með glæsibrag og að hausti gengið inn í nýja D-álmu skólans.

Takk fyrir samvinnuna.  
Kveðja, stjórnendur Glerárskóla